

Samþykt

147
6. des.

um kynbætur nautgripa í Hvitársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 20, 20. október 1905, um samþyktir um kynbætur nautgripa, gert eftirfarandi samþykt um kynbætur nautgripa í Hvitársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi.

1. gr.

Í Hvitársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi skulu allir skyldir til að geyma öll graðneyti, 5 mánaða og eldri, annaðhvort í gripaheldri girðingu, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan hátt, sem stjórnir nautgriparæktarfelaganna í hreppnum telja jafntryggan. Það skal vera jafnóheimilt að láta graðneyti ganga laus í eigin landi sem annara.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framanskráðu, og graðneyti finst í annars manns landi, og er ábúanda þá heimilt að aftra því, að það geri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða því um líkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.

3. gr.

Nú hefir graðneytið sloppið úr geymslu og gert skaða á kúm, áður en það var hindrað samkvæmt 2. gr., og er eigandi þá skyldur að bæta þann skaða að fullu.

Sleppi graðneyti úr girðingu, sem stendur undir stjórn og umsjón nautgriparæktarfelags eða hreppsnefndar, skal nautgriparæktarfelagið eða hrepps-sjóður greiða skaða þann, sem af því hlýst.

Ákvæði þessarar greinar gilda um öll graðneyti, sem hittast óhindruð á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi þess sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

4. gr.

Kostnað og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. skal greiða eftir mati tveggja óvilhallra manna og útnefna málsaðilar sinn hvor.

Komi matsmenn sjer ekki saman um kostnað og skaðabætur, kjósa þeir sjer oddamann. Geti málsaðilar ekki komið sjer saman um útnefning matsmanna, útnefnir sýslumaður mennina, ef annarhvör málsaðili eða bábir fara þess á leit.

147 Komi matsmenn sjer ekki saman um oddamann, er hreppstjóri þess hrepps, þar
6. des. sem tjónið verður, sjálfkjörinn oddamaður, sje hann ekki við málið riðinn, ella sje hann útnefndur af sýslumanni. Mat matsmanna er bindandi og skal birt hlutaðeiganda tafarlaust. Kostnaður og skaðabætur falla í gjalddaga 10 dögum eftir þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutaðeiganda.

5. gr.

Enginn á samþyktarsvæðiuu má nota önnur naut til undaneldis en þau, sem valin eru til þess af nautgriparæktarfelaginu á staðnum eða, þar sem ekkert slikt felag er til, af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Skulu felögin eða hreppsnefndirnar skyld til að sjá um, að ávalt sjeu til hæfilega mörg graðneyti til undaneldis, og að þau sjeu geymd á hentugum stöðum og einnig hafa vald til þess að ákveða bolatolla.

6. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis, skulu vera hraust og þroskamikil og af því besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan.

Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis, skal vanda sem best. Leita skulu stjórnir nautgriparæktarfelaganna álitis eftirlitsmanns síns um val undaneldisnauta.

7. gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktarsvæðinu hafa eftirlit með því, að fyrirmælum samþykta þessarar sje hlýtt. Þó geta hreppsnefndirnar falið eftirlitið nautgriparæktarfelögum, ef til eru. Kostnað þann, sem af því leiðir, greiða hlutaðeigandi nautgriparæktarfelög, þar sem þau eru til, annars greiðist kostnaðurinn úr hreppsjóði.

8. gr.

Brot gegn 1. og 5. gr. varða sektum frá 5—50 krónur, og renna sektirnar í sveitarsjóð.

9. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1917 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 6. desember 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.